Dans ce mémoire, j'ai parlé un peu de la vie et de la carrière de René Goscinny, un artiste français phénoménal. Sa carrière était magnifique, malgré une mort prématurée. Il a marqué l'histoire de la bande dessinée et de la littérature autour du monde avec son grand talent de l'écrit. Goscinny a créé de nombreuses œuvres qui sont toujours populaires. Il a ravi à la fois les jeunes et les adultes avec ses histoires amusantes et sincères, et aujourd'hui, il est l'un des écrivains les plus lus au monde. Son livre *Le petit Nicolas* est l'un de ses chef-d'œuvre, tiré d'histoires et de souvenirs de ses années d'école.

De plus, j'ai dit quelques mots sur ce que c'est de traduire, et comment on fait une traduction. La traduction est beaucoup plus que de transférer des mots d'une langue vers une autre. C'est un processus compliqué et la connaissance des deux langues est nécessaire. Il faut penser à la compréhension du texte original, comment le lecteur va interpréter le texte et quelle méthode est la meilleure pour garder la signification du texte original.

En dernier lieu, j'ai énuméré quelques problèmes auxquels j'ai été confrontée durant la traduction de trois chapitres du livre *Le petit Nicolas*. Pour mentionner les principaux, l'esprit de temps était très dissemblable qu'il est actuellement, et à cause de ça, j'avais les difficultés avec la traduction de certains mots.

L'œuvre *Le petit Nicolas* est un livre très émouvant et sincère, et qui touche tous ses lecteurs d'une certaine manière. C'est une histoire qui montre comment les enfants voient le monde et comment c'est facile pour eux de mal interpréter les circonstances, les comportements et les conversations des adultes. Malgré que le livre a été écrit dans les années cinquante par un écrivain français, je pense qu'il est encore appréciable de nos jours par tout le monde. Bien sûr les temps changent vite, mais à mon avis c'est une histoire qui est intemporelle. Ce livre m'a fait réfléchir sur l'importance de l'amitié et la nécessité des bonnes communications entre générations. Finalement, je voudrais recommander aux gens de lire ce livre merveilleux et apprendre à connaître le petit Nicolas.

4 La traduction

Chapitre un – Un souvenir qu'on va chérir

Fyrsti kafli – Minning sem okkur mun þykja vænt um

Pennan morguninn komum við allir glaðir í skólann af því að við ætlum að taka bekkjarmynd. Ljósmyndin verður minning sem okkur mun þykja vænt um allt okkar líf, eða það sagði skólastýran við okkur. Hún sagði okkur líka að koma snyrtilegir til fara og vel greiddir.

Ég mætti á skólalóðina með helling af bríllíantín í hárinu. Allir vinir mínir voru þegar komnir og skólastýran var að skamma Georg sem kom klæddur eins og Marsbúi. Georg á mjög ríkan pabba sem kaupir öll leikföng sem hann langar í. Georg sagði við kennarann að hann vildi skilyrðislaust vera ljósmyndaður í marsbúa fötunum sínum, annars myndi hann fara.

Ljósmyndarinn var líka kominn með myndavélina sína. Skólastýran sagði við hann að það þyrfti að ljúka þessu fljótt af, annars myndum við missa af stærðfræði tímanum okkar. Andri, sem er efstur í bekknum og eftirlætis nemandi kennarans, sagði að það væri synd að fara ekki í stærðfræði, honum þætti það skemmtilegur tími og hann hefði vel getað leyst öll dæmin. Eddi, sterki vinur minn, vildi gefa Andra hnefahögg í nefið, en Andri notar gleraugu og því miður getum við ekki lamið hann eins oft og við viljum. Skólastýran byrjaði að hrópa að við værum óþægir og ef við héldum því áfram yrði engin ljósmynd tekin, og við þyrftum að fara í tíma. Ljósmyndarinn sagði þá : “Svona, svona, svona, róleg, róleg. Ég veit hvernig á að tala við börn, þetta mun ganga mjög vel”.

Ljósmyndarinn ákvað að við þyrftum að koma okkur fyrir í þrem röðum; fremsta röðin sitjandi á jörðinni, önnur röðin standandi upprétt í kringum skólastýruna sem situr á stól, og þriðja röðin standandi upprétt á kössum. Ljósmyndarinn kemur alltaf með virkilega góðar hugmyndir.

Við krakkarnir fórum í kjallara skólans að leita af kössunum. Við hlógum mikið, vegna þess að það var ekki mikil lýsing í kjallaranum og Rúnar hafði sett gamlan poka yfir höfuðið á sér og hrópaði: “ Úú! Ég er draugur”. Og síðan sáu við skólastýruna koma. Hún virtist ekki ánægð, svo að við drifum okkur í burtu með kassana. Sá eini sem var eftir var Rúnar. Með pokann á höfðinu gat hann ekki séð

hvað var að gerast og hann hélt áfram að hrópa: “Úú! Ég er draugur”, og það er skólastýran sem tók af honum pokann. Hann var rosalega hissa, hann Rúnar.

Á leiðinni aftur á skólalóðina slepti skólastýran takinu á eyranu á Rúnari og sló sjálfa sig í ennið. “En þið eruð allir skítugir”, sagði hún. Það var alveg rétt vegna þess að með fíflalátunum í kjallaranum urðum við smá óhreinir. Skólastýran var ekki ánægð, en ljósmyndarinn sagði henni að þetta væri ekki alvarlegt, við hefðum tíma til að þvo okkur á meðan hann raðaði upp kössunum og stólnum fyrir myndatökuna. Fyrir utan Andra, sá eini sem leit ennþá snyrtilega út, var Georg, af því að hann var með höfuðið í Marsbúa hjálminum, sem minnti á glerkúlu. “Þú sérð að ef allir hefðu verið klæddir eins og ég, þá ættum við engar sögur”, sagði Georg við skólastýruna. Ég sá að skólastýran hafði löngun til þess að toga í eyrun á Georg, en það var ekkert grip á glerkúlunni. Marsbúa búningurinn var frábær hugmynd!

Við komum aftur eftir að hafa þvegið okkur og greitt. Við vorum auðvitað smá blautir, en ljósmyndarinn sagði að það gerði ekkert til, af því að það myndi ekki sjást á myndinni.

“Jæja, viljið þið vera góðir við skólastýruna?” sagði ljósmyndarinn við okkur. Við svörðum játandi, af því að okkur líkaði vel við skólastýruna. Hún er óskaplega vingjarnleg, þegar við reitum hana ekki til reiði. “Þá þurfið þið að fara rólega á staðinn ykkar fyrir myndina, sagði ljósmyndarinn. Þeir stærstu fara upp á kassana, þeir miðlungs standa uppréttir og þeir minnstu sitja”. Við fórum af stað og ljósmyndarinn útskýrði fyrir skólastýrunni að maður myndi ná öllum nemendunum á mynd ef maður væri þolinmóður. En skólastýran gat ekki hlustað á hann til enda. Hún þurfti að stíá okkur í sundur, af því að við vildum allir vera upp á kössunum.

“Það er bara einn hávaxinn hérna, og það er ég!” hrópaði Eddi og ýtti þeim í burtu sem ætluðu að stíga upp á kassana. Georg vildi ekki láta undan, Eddi gaf Georg hnefahögg í glerkúluna og hann meiddi sig. Við þurftum nokkrir að hjálpa til við að fjarlægja glerkúluna af höfðinu hans Georgs því hún var föst.

Skólastýran sagði að þetta væri síðasta viðvörunin sem hún gæfi okkur, annars færum við beint í stærðfræði. Við hugsuðum að við yrðum að vera stilltir svo við byrjuðum að koma okkur fyrir. Georg færði sig nær ljósmyndaranum og spurði: “Hvernig myndavél ertu með?”. Ljósmyndarinn brosti og sagði: “Þetta er kassi og úr honum kemur lítill fugl. Vélin þín er gömul, sagði Georg. Pabbi minn gaf mér eina með sólskerm, gleiðhornslinsu, aðdráttarlinsu, og auðvitað skjá”. Ljósmyndarinn virtist undrandi, hann hætti að brosa og sagði Georg að fara aftur á sinn stað. “Átt þú

ekki að minnsta kosti ljósnema?” spurði Georg. “Í síðasta skipi, farðu aftur á þinn stað!” hrópaði ljósmyndarinn, sem virtist skyndilega vera orðinn óþolinmóður.

Við komum okkur fyrir. Ég sat á jörðinni, við hliðina á Axel. Axel er vinur minn sem er mjög feitur og hann er síborðandi. Hann var að bíta í brauðsneið með sultu þegar ljósmyndarinn segir honum að hætta að borða, en Axel svaraði að hann þyrfti að næra sig. “Láttu frá þér brauðsneiðina!” kallaði skólastýran sem sat beint fyrir aftan hann. Axel brá svo við öskrin í skólastýrunni að hann missti brauðsneiðina á skyrtuna sína. “Það vann!”, sagði Axel á meðan hann reyndi að skafa sultuna af skyrtunni með brauðinu. Skólastýran sagði að það væri aðeins eitt eftir sem kæmi til greina, það væri að færa Axel í öftustu röð svo að það sæist ekki í blettinn á skyrtunni hans. “Eddi, skiptu um stað við féлага þinn” sagði skólastýran. – “Hann er ekki félagi minn, svaraði Eddi. Hann fær ekki staðinn minn, hann þarf bara að snúa bakinu að myndavélinni, þá sjáum við hvorki blettinn né feita búkinn hans”. Skólastýran varð reið og lét Edda fá refsingu. Hann átti að beygja í öllum tíðum og háttum setninguna: “Ég á ekki að neita því að láta féлага minn sem hefur sulað niður á skyrtuna sína brauðsneið með sultu fá staðinn minn”. Eddi sagði ekki neitt, hann fór niður af kassanum og kom í áttina að fremstu röð, á meðan Axel fór í öftustu röðina. Við þetta varð smá óreiða, fyrst og fremst vegna þess að þegar Eddi mætti Axel kýldi Eddi hann í nefið. Til að hefna sín ætlaði Axel að sparka í Edda. En Eddi er mjög liðugur og tókst að koma sér í burtu, og það var Andri sem fékk sparkið í sig. Sem betur fer fékk hann höggið ekki í gleraugun. Það kom þó ekki í veg fyrir það að Andri byrjaði að gráta. Hann hrópaði að hann sæi ekki neitt lengur, að engum líkaði vel við hann og að hann vildi deyja. Skólastýran huggaði hann, snýtti honum, greiddi á honum hárið og að lokum refsaði hún Axel. Hann átti að skrifa hundrað sinnum: “Ég á ekki að berja samnemanda minn sem stofnaði ekki til rífrildis og notar gleraugu”. “Gott á þig!” sagði Andri. Eftir þetta ákvað skólastýran að refsa Andra líka. Andri var svo hissa að hann gat ekki grátið. Skólastýran byrjaði svo að útdeila refsingum á okkur alla. Við áttum eftir að gera fjölmargar refsingar þegar skólastýran sagði að lokum: “Nú þurfið þið að ákveða ykkur hvort þið ætlið að hlýða. Ég tek til baka allar refsingarnar ef þið verðið þægir. Þið þurfið að stilla ykkur upp, brosa fallega og þá mun ljósmyndarinn taka af ykkur fallega mynd!”. Við hlýddum þar sem við vildum ekki valda skólastýrunni vonbrigðum. Við stilltum okkur allir upp og brostum.

En minningin sem okkur átti að þykja vænt um alla ævi mistókst. Við tókum eftir því að ljósmyndarinn var ekki lengur á skólalóðinni. Hann var farinn, án þess að segja orð.

Chapitre deux – Les cow-boys

Annar kafli – Kúrekarnir

Ég bauð vinum mínum í heimsókn eftir hádegi til þess að fara í kúrekaleik. Þeir komu með allan búnað sem þurfti. Rúnar var í lögreglubúning sem hann fékk gefins frá pabba sínum, með lögregluhúfu, handjárn, skammbyssu, hvíta kylfu og flautu. Eddi var með gamlan skáta hatt frá stóra bróður sínum og belti með helling af byssuskotum úr við. Á beltinu var hann líka með tvö hulstur fyrir skammbyssur, sem voru með skafti úr sömu tegund af beinum eins og púðurdósinn hennar mömmu sem pabbi gaf henni eftir rifrildið um kjötið sem var ofeldað, en mamma sagði að það hefði bara verið vegna þess að pabbi kom of seint. Axel var indjáni. Hann var með viðarexi og fjaðrir á höfðinu. Hann líktist feitum kjúklingi. Georg, sem elskar að klæða sig í búning, og sem á ríkan pabba sem gefur honum allt, kom klæddur eins og alvöru kúreki. Hann var í buxum úr gæru, leðurvesti, köflóttri skyrtu, með stóran hatt, með hvellhettubyssur og í oddmjóum skóm. Ég var með svarta grímu sem ég fékk gefins fyrir Öskudaginn, loftbyssuna mína sem skýtur örvum, og rauðan klút um hálsinn sem er gamall silkiklútur af mömmu. Við vorum rosalegir!

Við vorum í garðinum og mamma sagði að hún myndi kalla á okkur fyrir síðdegissnarlið. “Okei, ég er ungi maðurinn á hvíta hestinum og þið eruð bófarnir. En í lokin þá er það ég sem vinn”, sagði ég. Strákarnir voru ekki sammála mér. Það er þetta sem er leiðinlegt, þegar við leikum einir finnst okkur ekki gaman, og þegar við leikum saman þá förum við að rífast. “Afhverju er ég ekki ungi maðurinn og afhverju á ég ekki líka hvítann hest?” sagði Eddi. “Af því að með þitt höfuð þá getur þú ekki verið ungi maðurinn”, sagði Axel. “Þegiðu þarna indjáninn þinn eða ég sparka í afturendann á þér!” sagði Eddi. Hann er mjög sterkur og þykir gaman að kýla féлага sína í nefið. Sparkið í rassinn kom mér reyndar á óvart, en það var rétt, Axel minnti á feitan kjúkling. “Ég verð allavegana lögreglustjórinn” sagði Rúnar. “Lögreglustjóri?, sagði Georg. Hvar hefur þú séð lögreglustjóra með húfu, þú ert fyndinn!”. Þetta líkaði Rúnari ekki, þar sem pabbi hans var lögreglumaður. “Pabbi minn notar húfu og enginn hlær af honum”, sagði Rúnar. – “Hann myndi láta alla hlægja ef hann klæddi sig svona í Texas”, sagði Georg. Rufus sló hann utan undir og þá tók Georg byssuna úr hulstrinu og sagði: “Þú munt sjá eftir þessu, Joe!”. Rúnar sló hann aftur og við það datt Georg flatur á jörðina ásamt byssunni sinni og hrópaði:

bang! Rúnar lagði hendina sína á magann, gretti sig og sagði: “Þú náðir mér sléttuúlfur, en ég mun hefna mín!”.

Ég var á fleygiferð um garðinn og líkti eftir riddara þegar Eddi nálgast mig. “Farðu niður af hestinum” sagði hann. Það er ég sem á hvíta hestinn!. – Nei herra, ég á heima hér og ég ræð, og ég á hvíta hestinn”. Eddi kýldi mig í nefið. Rúnar blés í flautuna sína og sagði við Edda: “Þú ert hestaþjófur og í Kansas eru þeir hengdir!” Þá kom Axel hlaupandi og sagði: “Augnablik! Þú getur ekki hengt hann, ég er lögregluþjónninn! – Síðan hvenær, kjúklingurinn þinn” spurði Rúnar. Axel, sem samt sem áður þykir yfirleitt ekki gaman að berjast, tók viðaröxina sína og sló með henni! Hann hafði slegið Rúnar í höfuðið, og sá átti aldeilis ekki von á því. Sem betur fer var Rúnar með húfuna á höfðinu. “Húfan mín! Þú ert búinn að eyðileggja hana!” öskraði Rúnar og byrjaði að hlaupa á eftir Axel. Á meðan þeyttist ég annan hring í kringum garðinn. “Æ strákar, hættiði þessu! sagði Eddi. Ég er með hugmynd. Við verðum góðu karlarnir og Axel verður með indjánaættbálknum. Hann á að reyna að handtaka okkur og þegar hann nær fanga, þá komum við og frelsum hann. Og þá sigrum við Axel!”. Við vorum allir til í þessa frábæru hugmynd, nema Axel, hann var ekki alveg sammála. “Af hverju þarf ég að vera indjáninn?” sagði Axel. “Af því að þú ert með fjaðrir á höfðinu, vitleysingurinn þinn!” svaraði Georg. Og ef þér líkar það ekki, þá máttu ekki leika lengur. Í alvörunni, þú ferð í taugarnar á okkur. – “Allt í lagi, ef það á að vera svona þá ætla ég ekki að leika lengur”, sagði Axel. Hann fór út í horn í fýlu og fékk sér súkkulaðibrauð sem hann var með í vasanum. “Hann verður að leika með okkur, hann er eini indjáninn sem við höfum. Ef hann verður ekki með, þá reyti ég af honum fjaðrirnar!”. Axel samþykkti að vera með í leiknum, með því skilyrði að hann yrði góður Indjáni. “Allt í lagi þá, það sem þú getur verið frekur! sagði Georg. – Og hver verður fanginn? spurði ég. – Tjah, það verður Georg, sagði Eddi. Við skulum binda hann við tréð með þvottasúrunni. – Er ekki í lagi með ykkur? sagði Georg, afhverju ég?. Ég get ekki verið fanginn, ég er best klæddur af ykkur öllum! – Hvað með það? svaraði Eddi. Það er ekki af því að ég á hvíta hestinn sem ég neita að leika með! – Það er ég sem á hvíta hestinn” svaraði ég. Eddi reiddist og sagði að hvítu hesturinn væri sinn og ef mér líkaði það ekki myndi hann kýla mig aftur í nefið. “Reyndu það bara!” sagði ég, og honum tókst það. “Vertu kyrr, Oklahoma strákur!” hrópaði Georg og skaut út um allt með byssunni sinni. Rúnar blés í flautuna og sagði: “Já, ég er lögreglustjórinn, og já ég mun ná ykkur öllum!”. Axel sló Rúnar með exinni í húfuna og sagði að hann ætlaði að fangelsa hann. Rúnar

varð reiður vegna þess að flautan hans datt í grasið. Ég grét og sagði Edda að hérna væri ég heima hjá mér og ég vildi ekki horfa á hann lengur. Það voru allir öskrandi, þetta var rosalegt. Við skemmtum okkur vel, frábært.

Stuttu seinna kom pabbi út. Hann var ekki ánægður. “Strákar, hvaða hávaði er þetta, vitið þið ekki að þið eigið að leika ykkur fallega? – Þetta er allt Georg að kenna, hann vill ekki vera fanginn!” sagði Eddi. “Á ég að lemja þig?” spurði Georg og þeir byrjuðu aftur að slást, en pabbi skildi þá að. “Jæja krakkar, ég ætla að sýna ykkur hvernig á að leika sér” sagði pabbi. “Ég verð fanginn!” sagði hann. Við vorum þvítíkt ánægðir! Pabbi minn er frábær! Við bundum pabba við tréð með þvottasnúrunni og við vorum næstum búnir þegar við sáum herra Baldur stökkva yfir limgerðið á garðinum. Herra Baldur er nágrenni okkar, og hann elskar að stríða pabba. “Ég vil líka leika, ég verð rauðskinnið Standandi Nautið!” sagði Baldur. “Farðu héðan Baldur, það bað þig enginn um að koma!”. Herra Baldur var stórkostlegur. Hann kom sér fyrir með krosslagðar hendur fyrir framan pabba og sagði: “Hvítu maðurinn er með bundið fyrir munninn!”. Pabbi gerði myndnar tilraunir til að losa sig frá trénu og herra Baldur byrjaði að dansa í kringum tréð og hrópa. Við skemmtum okkur vel að horfa á pabba og herra Baldur skemmta sér og fíflast. En við gátum ekki fylgst með lengur af því að mamma kallaði á okkur að koma inn og fá okkur kaffimat, og eftir það fórum við í herbergið mitt að leika okkur með rafmagns lestina. Það sem ég vissi ekki var að pabba fannst mjög gaman að fara í kúrekaleik. Þegar við komum niður um kvöldið var langt síðan herra Baldur hafði farið, en pabbi var ennþá bundinn við tréð. Hann hrópaði og gretti sig.

Það er frábært að kunna að skemmta sér svona alveg sjálfur!

Chapitre dix-neuf – Je quitte la maison

Nítjándi kafli – Ég fer að heiman

Ég er farinn að heiman! Ég var mjög stilltur og var að leika mér í stofunni. Síðan af því að ég velti blekhyllki niður á nýja teppið kom mamma og skammaði mig. Ég fór að gráta, sagði henni að ég myndi fara að heiman og mín verði saknað, og mamma sagði: “Það er að verða áliðið, ég þarf að fara í búðina”, og svo var hún farin.

Ég fór upp í herbergið mitt til að taka saman það sem ég þyrfti til þess að fara að heiman. Ég tók skólatöskuna mína og setti í hana litla rauða bílinn minn sem Júlía frænka mín hafði gefið mér, eimreiðina af litlu lestinni, með vöruflutningavagninum, það var eini vagninn sem ég átti eftir þar sem hinir voru allir ónýtir, og biti af súkkulaði sem ég hafði geymt eftir kaffitímamann. Ég tók sparibaukinn minn, ég gæti þurft skildingana, aldrei að vita, og svo fór ég.

Það var heppni að mamma var ekki heima, hún myndi ábyggilega banna mér að fara að heiman. Um leið og ég fór ég út á götu og byrjaði ég að hlaupa. Mamma og pabbi verða mjög leið. Ég kem aftur löngu seinna, þegar þau verða mjög gömul, eins og amma. Ég verð ríkur, ég mun eiga stóra flugvél, stóran bíl, og teppi sem ég get sulað niður á bleki, og þau verða rosalega glöð að sjá mig aftur.

Hlaupandi niður götuna, kom ég fyrir utan húsið hans Axels. Axel er vinur minn, sá sem er mjög feitur og er síborðandi, ég hef kanski áður talað um hann. Axel sat fyrir utan húsið sitt og var að borða kryddbrauð. “Hvert ertu að fara?” spurði Axel og tók góðan bita af kryddbrauðinu. Ég útskýrði fyrir honum að ég væri farinn að heiman og spurði svo hvort hann vildi ekki koma með mér. “Þegar við komum til baka eftir mörg ár verðum við mjög ríkir, og munum eiga flugvélar og bíla. Foreldrar okkar verða mjög glaðir að sjá okkur, og þau munu aldrei aftur skamma okkur”. En Axel langaði ekki að koma. “Þú ert svolítið klikkaður, mamma mín gerir súrkál í kvöld, með beikoni og pylsum, ég get ekki farið” sagði hann. Ég kvaddi Axel, hann vinkaði mér með annarri hendinni þar sem hann hélt á kryddbrauðinu í hinni.

Ég beygði fram fyrir hornið á götunni og stoppaði aðeins, af því að Axel lét mig verða svangann. Ég borðaði súkkulaðibitann minn, það mun gefa mér orku fyrir ferðalagið. Ég vildi fara mjög, mjög langt, þangað sem mamma og pabbi munu ekki finna mig. Til Kína eða til Arcachon, þar sem við vorum í fríi á síðasta ári, það var rosalega langt í burtu frá okkur, þar var sjór og ostrur.

En til þess að fara mjög langt í burtu, þá þarf að kaupa bíl eða flugvél. Ég settist á gangstéttarbrúnina, braut sparibaukinn minn og taldi skildingana mína. Það var ekki nóg fyrir bíl eða flugvél, svo að ég fór í bakarí og keypti mér súkkulaði sætabrauð sem var virkilega gott.

Þegar ég kláraði sætabrauðið ákvað ég að halda áfram að labba. Það tekur lengri tíma, en ég ætlaði ekki að fara aftur heim til mín, né fara í skólann, svo ég hafði nægan tíma. Ég hafði ekki ennþá hugsað um skólann, og ég sagði við sjálfan mig að á morgun myndi skólastýran segja í tíma: “Aumingja Nikulás er farinn alveg aleinn, aleinn og farinn mjög langt. Hann mun koma til baka ríkur, mun eiga flugvél og bíl”. Þau munu öll tala um mig og hafa áhyggjur af mér, og Axel mun sjá eftir því að hafa ekki komið með mér. Það væri svo æðislegt.

Ég hélt áfram að labba, en svo byrjaði ég að vera þreyttur, og það verður að segjast að ég fór ekki mjög hratt, ég hef ekki stórar fætur, annað en vinur minn Maggi, en ég get ekki spurt Magga um að lána mér fæturna sína. Þarna fékk ég hugmynd: ég get spurt vin minn um að lána mér hjólið sitt. Akkurat þá fór ég framhjá húsinu hans Kalla. Kalli átti rosalega flott hjól, gult og skínandi. Það sem er samt leiðinlegt er að Kalli vill ekki lána neinum hlutina sína.

Ég dinglaði á bjöllunni á húsinu hans Kalla og það var hann sjálfur sem kom til dyra. “Ja hérna, Nikulás!” sagði hann. “Hvað viltu?” – “Hjólið þitt” sagði ég við hann, og þá lokaði Kalli hurðinni. Ég dinglaði aftur, og af því að Kalli opnaði ekki hurðina hélt ég puttanum á bjöllunni. Ég heyrði mömmu Kalla hrópa innan úr íbúðinni: “Kalli! Farðu og opnaðu hurðina!”. Kalli opnaði hurðina en hann virtist ekki ánægður að sjá mig aftur. “Ég þarf hjólið þitt Kalli” sagði ég við hann. “Ég fór að heiman, og mamma og pabbi munu vera leið. En þegar ég kem til baka eftir nokkur ár mun ég verða mjög ríkur og eiga bíl og flugvél”. Kalli svaraði mér að ég gæti komið og séð hjólið þegar ég kæmi til baka, þegar ég væri orðinn mjög ríkur, þá myndi hann selja mér hjólið sitt. Ég sagði Kalla að það hentaði mér ekki, en ég hugsaði að ég yrði að finna nokkra skildinga. Fyrir skildingana gæti ég keypt hjólið hans Kalla. Kalli elskar skildinga.

Ég velti fyrir mér hvernig ég gæti eignast nokkra skildinga. Að vinna, ég gat það ekki, það var fimmtudagur. Ég hugsaði að ég gæti selt leikföngin mín sem ég átti í skólatöskunni minni. Leikfangabílinn frá Júlíu frænku og lestina með vöruflutningavagninum, sem var sá eini sem var eftir vegna þess að allir hinir

vagnarnir voru ónýtir. Hinum megin við götuna sá ég leikfangabúð. Ég sagði við sjálfan mig að þar gæti einhver haft áhuga á bílnum mínum og lestinni.

Ég fór inn í búðina og þar tók á móti mér mjög vingjarnlegur maður sem brosti til mín og sagði: “Ertu að leita af einhverju sérstöku, drengurinn minn? Kúluspili? Bolta?”. Ég sagði honum að ég ætlaði ekki að kaupa neitt, heldur að ég vildi selja leikföng. Ég opnaði skólatöskuna og setti bílinn og lestina á gólfið fyrir framan afgreiðsluborðið. Vingjarnlegi maðurinn beygir sig niður og horfði á gólfið. Hann virtist hissa og sagði: “En vinur minn, ég kaupi ekki leikföng, ég sel þau”. Ég spurði hann þá hvar hann finni leikföngin sem hann selur, það var það sem ég væri að leita að. “En, en, en ég finn þau ekki, ég kaupi þau” sagði hann. “Jæja, keyptu þá mín leikföng” sagði ég við hann. “En, en, en, þú skilur ekki, ég kaupi þau, en ekki af þér, til þín sel ég, en ég kaupi þau frá verksmiðjum, og þú...Það er að segja...”. Hann stoppaði og sagði síðan: “ Þú skilur þetta seinna, þegar þú verður stór”. En það sem að hann vissi ekki var að þegar ég verð stór þá mun ég ekki þurfa þessa skildinga, þar sem ég mun verða mjög ríkur, og eiga bíl og flugvél. Ég fór að gráta. Maðurinn var mjög leiður, en síðan leitaði hann fyrir aftan búðarborðið og gaf mér lítinn bíl. Síðan sagði hann mér að fara af því að klukkan væri orðin margt, hann þyrfti að loka búðinni og að kúnnar eins og ég væru þreytandi eftir vinnudaginn. Ég fór út úr búðinni með litlu lestina og tvo bíla, ég var aldeilis ánægður. Það var rétt að klukkan væri orðin margt, það var byrjað að dimma og það var enginn á götunum, svo ég byrjaði að hlaupa. Þegar ég kom heim skammaði mamma mig vegna þess að ég var orðinn of seinn í kvöldmat.

Þar sem þetta fór svona, þá lofa ég að ég fer að heiman á morgun. Pabbi og mamma verða mjög leið og ég kem ekki aftur fyrir en eftir nokkur ár, ég verð ríkur og ég mun eiga bíl og flugvél!

Bibliographie

Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík:
Bókmenntastofnun Háskólaútgáfan, 1996.

Knudde, Kjell et Bas Schuddeboom, *Lambiek*, « René Goscinny », 1994. Adresse
URL: <https://www.lambiek.net/artists/g/goscinny.htm>
[site consulté le 5/12/2016]

Goscinny, René et Jean-Jacques Sempé, *Le petit Nicolas*, Paris: IMAV éditions:
2012, [1960].

[Sans auteur], « Le petit Nicolas, histoire d'un succès », *Le petit Nicolas*, 2016.
Adresse URL: <http://www.petitnicolas.com/historique>
[site consulté le 3/11/2016]

[Sans auteur], « Les auteurs: le duo Goscinny Sempé », *Le petit Nicolas*, 2016.
Adresse URL: <http://www.petitnicolas.com/bios> [site consulté le 3/11/2016]

[Sans auteur], « Les créateurs, René Goscinny », *Asterix*, 2016. Adresse URL:
<http://www.asterix.com/les-createurs/rene-goscinny/> [site consulté le 7/12/16]